

Hlíðasmára 8,
201 Kópavogi
564 4104 – 564 4106

Útgefandi

Læknafélag Íslands
Læknafélag Reykjavíkur

Ritstjórn

Engilbert Sigurðsson,
ritstjóri og ábyrgðarmaður
Anna Gunnarsdóttir
Gunnar Guðmundsson
Gylfi Óskarsson
Hannes Hrafnkelsson
Inga S. Práinsdóttir
Tómas Guðbjartsson
Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir

Tölfræðilegur ráðgjafi

Thor Aspelund

Ritstjórnarfulltrúi

Védís Skarphéðinsdóttir
vedis@lis.is

Blaðamaður og ljósmyndari

Hávar Sigurjónsson
havar@lis.is

Auglýsingastjóri og ritari

Dögg Árnadóttir
dogg@lis.is

Umbrot

Sævar Guðbjörnsson
saevar@lis.is

Upplag

1700

Áskrift

9.500,- m. vsk.
Lausasala
950,- m. vsk.

Prentun, bókkband og pökkun

Oddi,
umhverfisvottuð
prentsmiðja
Höfðabakka 3-7
110 Reykjavík

© Læknablaðið

Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild án leyfis.

Fræðigreinar Læknablaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdráttir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition og Scopus.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213



Ný stjórn kjörin á aðalfundi

Aðalfundur Læknafélags Íslands var haldinn í Hlíðasmáranum dagana 20. og 21. október síðastliðinn. Fundurinn hófst með ávarpi Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra og síðan rak hver dagskrárliðurinn annan og lauk með veglegu hófi í Iðnó. Ráðherrann heiðraði veisluna með nærveru sinni. Á aðalfundinum var Þorbjörn Jónsson kjörinn nýr formaður LÍ í stað Birnu Jónsdóttur sem gegnt hefur embættinu frá 2007. Talsverðar breytingar urðu einnig í stjórn félagsins en fjórir nýir tóku sæti. Á myndinni má sjá hina nýkjörnu stjórn ásamt formanninum. Þau eru frá vinstri talið: Þórey Steinarsdóttir almennur læknir, Árdís Ármansdóttir almennur læknir, Steinn Jónsson lungnalæknir og formaður Læknafélags Reykjavíkur, Þorbjörn Jónsson ónæmislæknir og formaður Læknafélags Íslands, Orri Þór Ormarsson barnaskurðlæknir, Salome Arnardóttir heimilislæknir, Magnús Baldvinsson röntgenlæknir og gjaldkeri, Valgerður Rúnarsdóttir fíknlæknir og varaformaður LÍ. Á myndina vantar ritara félagsins, Önnu Kr. Jóhannsdóttur heimilislækni.

LISTAMAÐUR MÁNAÐARINS

Ragnar Jónsson (f. 1974) er búsettur í Glasgow í Skotlandi en þar lagði hann stund á framhaldsmenntun í myndlist á árunum 2006-2008. Hann hefur meðal annars sýnt verk sín í Listasafni Reykjavíkur á sýningunni **Ljósitlífun** þar sem áherslan var á málverk yngri kynslóðar listamanna og nú síðast hélt hann einkasýninguna **Rætur** í Gallerí Ágúst. Skúlpúr og málverk eru víðast hvar til grundvallar í listsköpun Ragnars og hann er gjarnan á mörkum hins hlutbundna og abstrakt. Þar ríkir litagleði og formtúlkun sem er mjög sér á parti. Hér á forsiðu *Læknablaðsins* er ljósmyndaverk sem sýnir pottaplöntu sem hefur undirgengist sérstaka myndræna úrvinnslu. **Álfamöttull** er algeng pottaplanta í heimahúsum, með græn og rauð lauf, og ber verkið sem er frá þessu ári, 2011, heiti hennar. Eins og sjá má í mörgum öðrum verkum listamannsins leitir hann í náttúruna, en hann leggur þar að jöfnu þá náttúru sem er finna í landslagi og þá sem er að finna í nærumhverfinu.



Það að Ragnar er búsettur erlendis kann að hafa þau áhrif að hann virðist vera með hugann við eigin rætur.

Þannig rifjar hann upp minningar frá heimalandinu en einnig frá æskuheimili fjölskyldunnar þar sem húsgögn og innanstokksmunir mótuðu eins konar landslag sem hann ólst upp við. Hann dvelur þó aldrei við fortíðina eina og sér, því verk hans bera iðulega með sér einhvers konar skírskotun til nútímans, ef ekki framtíðarinnar.

Myndin af pottablöminu kann í sjálfu sér að vísa til einhvers sem var á heimili hans í æsku en tæknileg útfærsla hennar er framúrstefnuleg eins og sjá má. Með hliðrun og endurtekningu kemst myndin á hreyfingu og veldur sjónhverfingu.

Maður horfir ósjálfrátt á myndina úr ólíkum áttum og finnst eins og laufblöðin séu í þrívídd og bærast jafnvel. Verkið er dæmigert fyrir þá leikgleði sem er að finna í verkum listamannsins.

Markús Þór Andrésson